



## ÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA BLÖNDUÓSBÆJAR ÁRIÐ 2013

Álagningarseðlar verða aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is) og eru sendir öllum gjaldendum 70 ára og eldri. Greiðsluseðlar eru ekki sendir til gjaldenda nema þess sé óskað sérstaklega. Þeir munu birtast í íbúagátt á heimasíðu Blönduósbæjar, [www.blonduos.is](http://www.blonduos.is). Engin breyting verður hjá þeim sem áður hafa óskað eftir boðgreiðslum eða eru í greiðsluþjónustu. Hægt er að óska eftir að fá senda greiðsluseðla í afgreiðslu Blönduósbæjar sem veitir allar frekari upplýsingar um álagninguna í síma 455 4700.

### Álagning fasteignaskatts:

**A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði og hesthús í þéttbýli) er 0,43% af hús- og lóðarmati

**B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

**C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annars húsnæðis) er 1,55% af hús- og lóðarmati

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati

**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,55 kr. á m<sup>2</sup> að lágmarki 7.260 kr.

**Sorpgjöld:**

Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu:	kr. 18.700,-
Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar:	kr. 18.700,-
Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús vegna sorpeyðingar:	kr. 18.700,-

### Reglur um afslátt fasteignaskatts 2013.

#### 1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2012.

#### 2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 50.000,-

#### 4. gr.

Tekjumörk á árinu 2012 eru sem hér segir: (75% af tekjuviðmiði TR)

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.248.820 fá 100% afslátt.*

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.834.680 fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.350.553 fá 100% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 4.317.222 fá 0% afslátt.*

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

#### 5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

#### 6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

#### 7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra [ww.rsk.is](http://www.rsk.is) í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

#### 8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

#### 9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til fjármálastjóra Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2013.

**Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjaldtagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 1. maí 2013.**